

Sp.

329. Tillaga til þingsályktunar

[176. mál]

um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglunga.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, sem taki til athugunar aðstöðu barna og unglunga innan 15 ára aldurs til eðlilegrar og heilbrigðrar sumarhvíldar og hæfilegrar og þroskandi vinnu þann tíma, sem börnin eru ekki í skóla.

Nefndin geri ýtarlega skýrslu um athuganir sínar, sem lögð sé fyrir Alþingi, og skili jafnframt tillögum um úrbætur í þessum efnum fyrir haustþing 1964.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þeirri, sem hér er flutt, var flutt á síðasta þingi af frú Margréti Sigurðardóttur, sem þá átti sæti á Alþingi. Þannig greinargerð fylgdi tillögu hennar:

„Í flestum löndum, þar sem um svipaða skólaskyldu er að ræða og hér á landi, eru skólarnir starfræktir mestan hluta ársins. Þar eru skólaleyfin einungis notuð nemendum og kennurum til hressingar og hvíldar frá störfum og námi.

Hér á landi er hafður annar háttur á. Skólar eru yfirleitt ekki starfræktir lengur en í 8 mánuði árlega. Vissir kostir þessa stutta árlega námstíma liggja í augum uppi, svo sem möguleikar nemenda til þess að afla tekna til námskostnaðar, þátttaka nemenda í atvinnulífi landsmanna og kynning og samskipti við hinar ýmsu þjóðfélagsstéttir. Fyrir þá, sem stunda langskólanám, hefur þetta hin jákvæðustu áhrif, en gagnvart börnum og unglingum, sem eru í skyldunámi, koma þessi rök ekki til greina.

Um það eru líka farnar að heyrast raddir, að þróunin hér á landi hljóti að leiða til lengri árlegs námstíma, líkt og erlendis. Hins vegar eru þessar kröfur ekki svo almennar, að ástæða sé til að ætla, að róttækar breytingar á fræðsluferfi okkar í þessa átt standi fyrir dyrum. „Iðjuleysið er rót alls ills,“ segir máltækið. Og börn una iðju- eða réttara sagt athafnaleysi aldrei. Aðalvandráðin og e. t. v. má segja hættan er fólgin í því, að þegar börnin missa hið skipulega aðhald skólanámsins, er freistingin langtum meiri til að leiðast út í athafnir, sem eru miður heppilegar fyrir börnin og oft óþolandi fyrir umhverfi barnanna, fjölskyldur þeirra og nágranna.

Þetta er flestum foreldrum ljóst, og þess vegna reyna þeir að koma börnunum í einhvers konar vinnu.

Fyrsta verkefni slíkrar nefndar, sem hér er lagt til að kosin verði, yrði því að athuga, hvernig sumarvinnu barna og unglunga er varið, hve mörg stunda ákveðna vinnu, hvers konar vinnu og hve langur vinnudagur þeirra er. Þá fyrst, er nokkurt yfirlit er fengið í því efni, er unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt framlag og frumkvæði ríkisins kæmi bezt að haldi. Þar getur orðið um ýmsar leiðir að ræða, t. d. rekstur vinnuskóla, að láta unglunga sitja fyrir um vinnu eða mynda heila vinnuflokka, sem vinna störf, sem þeim eru holl og heppileg, og fleira. Sömuleiðis kemur til álita, hvort ríkið hefði slíkan rekstur algerlega á sínum vegum eða aðallega yrði farin sú leið að styrkja á myndarlegan hátt slíka starfsemi á vegum bæjarfélaga og kauptúna og félagasamtaka.

Einnig þyrfti að athuga, hvort hægt væri að annast einhvers konar miðlun um sumardvöl barna á sveitabæjum og þá jafnframt eftirlit með slíkri dvöl.

Þörfin á því, að athafnaþrá barna og unglunga sé virkjuð með einhvers konar vinnu, er viðurkennd hér á landi. Má heita, að það hafi verið grundvallarsjónarmið í uppeldismálum þjóðarinnar í gegnum aldir.

Í augum fjölda fólks er það grundvallarsjónarmið í uppeldismálum enn þá.

Það er þó nauðsynlegt að skilja, að eigi þjóðin að svara þeim kröfum, sem nútímabjóðfélag gerir um langa og jafnframt stranga skólagöngu og sérhæfingu á ótal mörgum sviðum, og eigi hún jafnframt að halda því, sem hefur verið aðalsmerki islenskrar menningar, þ. e. traust alþýðumenning, þarf hún að búa mjög vel að æsku landsins.

Það nægir ekki fleiri og betri skólar og betri aðstaða kennara. Það þarf einnig að skipuleggja hin löngu, samfelldu „sumarfrí“, sem börn og unglingar hafa frá skólanámi. Þann tíma má ekki einungis nota til stritvinnu, sem að vísu forðar e. t. v. frá öðru verra og gefur peninga í aðra hönd, heldur þarf sá tími fyrst og fremst að notast til uppbyggingar andlegra og líkamlegra krafta, veita unglingum félagslegt uppeldi og siðferðisþrótt.

Í þeim tilgangi er annar liður þessarar tillögu fram borinn.

Nefndin ætti að athuga möguleika á að hefja starfsemi sumarbúða fyrir unglunga, svo að að því yrði stefnt, að skólabörn frá 12—15 ára aldurs ættu slíkrar dvalar

kost í nokkrar vikur árlega fyrir viðráðanlegt gjald. Í slíkum búðum yrðu börnin undir handleiðslu hæfra manna (t. d. kennara), iðkuðu íþróttir, leiki, gönguferðir og náttúruskoðun.

Slík starfsemi er ekki með öllu óþekkt hér á landi. T. d. hefur Kristilegt félag ungra manna og kvenna rekið sumarþúðir í Vatnaskógi í Borgarfjarðarsýslu, og nú síðustu árin hafa tveir ungir íþróttamenn hafið slíka starfsemi á eigin vegum.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu, að hér sé um merkt mál að ræða, sem ástæða sé til að athuga af gaumgæfni, og að það sé líklegt, ef vel tekst til um framkvæmd, til að verða hollur þáttur í þjóðaruppeldi Íslendinga.

Þeirri nefnd, sem hér er lagt til að kosin verði, bæri að sjálfsögðu að leita sér nákvæmra upplýsinga hjá þeim aðilum, sem gerst vita um ástand og líklegastir eru til að kunna ráð til úrbóta í þeim efnum, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.“